

## 9.1 Sýn, gildi og markmið

<b>Þemu</b>	<b>Yfirlit gæðagreinis</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Samhljómur með sameiginlegri sýn, gildum og markmiðum samfélagsins</li><li>• Miðlun og viðhald sýnar</li><li>• Efling jákvæðra viðhorfa til félags- og menningarlegs margbreytileika</li></ul>	Þessi gæðagreininir beinir sjónum að því hvernig skólinn vinnur með öðrum að því að skapa sameiginlega sýn um tilgang og stefnu sem er metnaðarfull og ógrandi. Gæðagreininirinn snýst um að hvaða marki sýn, gildi og markmið stýra áætlunum um þróunarstarf sem stuðlar að gæðum náms og kennslu og árangri nemenda og fjölskyldna þeirra.

### Dæmi um einkunnina 5

- Við vinnum með nemendum, foreldrum og öðrum samstarfsaðilum að því að þróa og skapa sameiginlega sýn fyrir skólann og samfélagið með ígrundun, rökræðum og stöðugu samráði. Sýn okkar er grundvölluð á árangri nemenda og er í samræmi við áherslur sveitarfélagsins og ríkisins. Starfið í skólanum er mótað af skýrri sýn okkar, gildum og markmiðum.
- Við höfum sýn skólans, gildi og markmið stöðugt í huga við athafnir okkar og viðburði í skólanum. Þess vegna höfum við sterka sameiginlega vitund um tilgang skólastarfsins. Við tökum fullt tillit til sýnar, gilda og markmiða skólans þegar við metum vinnu okkar, komum á umbótum og mótum framtíðarstefnu.
- Í sýn okkar, gildum og markmiðum ætlumst við til að margbreytileiki sé virtur. Við aðhyllumst jafnrétti, jöfnuð og skóla fyrir alla og fögnum margbreytileika. Þess sjást merki í þróunaráætlunum okkar.

### Dæmi um einkunnina 2

- Sýn skólans, gildi og markmið samræmast áherslum sveitarfélagsins og ríkisins. Samfélagið og samstarfsstofnanir hafa lítið komið að því að móta sýn, gildi og markmið skólans. Markmið okkar hafa þess vegna takmarkaða þýðingu fyrir ýmsa aðila skólasamfélagsins eða tengjast illa meginstarfsemi skólans.
- Ekki er sterk samkennd um gildi, sýn eða sameiginlegan tilgang skólastarfsins. Gildi liggja almennt ekki til grundvallar eða eru styrkt með daglegum samskiptum, athöfnum og viðburðum. Við mat á verkum okkar tökum við ekki nægilega mið af gildum okkar, sýn og markmiðum.
- Þótt sýn okkar, gildi og markmið endurspegli væntingar og jákvæð viðhorf til margbreytileika og skóla fyrir alla er það ekki fastmótað í verkum okkar í skólanum.